

5. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs þriðjudaginn 29. 1. 2013 kl. 13-15:20 á skrifstofu sveitarstjóra

Mætt: Rögnvaldur Ólafsson formaður, Ásgeir Magnússon varaformaður/ritari, Ísólfur Gylfi Pálmason gjaldkeri, Helga Þorbergsdóttir meðstjórnandi, Ingibjörg Eiríksdóttir meðstjórnandi, Jóhannes Gissurarson varamaður, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson varamaður, Sigurður Sigursveinsson varamaður og Steingerður Hreinsdóttir rekstrarstjóri.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og að því búnu var gengið til dagskrár.

- Fundargerð síðasta fundar lá ekki fyrir en verður send stjórnarmönnum. Samþykkt var að Sigurður Sigursveinsson tæki að sér ritun fundargerða.
- Undirrituð voru skjöl sem varða breytingar á stjórn jarðvangsins.
- Steingerður rekstrarstjóri gerði grein fyrir:
 - þremur námskeiðum/kynningarfundum sem haldin voru í sveitarfélögunum þremur í desember,
 - tveimur þriggja mánaða framvinduskýrslum sem sendar hafa verið Evrópusambandinu vegna IPA verkefnisins,
 - heimsókn erlends eftirlitsaðila frá ESB í nóvember sl.,
 - forgangsröðun sveitarfélaganna varðandi uppbyggingu áfangastaða sbr. IPA verkefnið,
 - hugmynd um að uppbygging áningastaðar í Hjörleifshöfða gæti nýst sem fyrirmynd á öðrum áningastöðum,
 - framvinduskýrslu rekstrarstjóra til stjórnar vegna síðustu mánaða,
 - drögum að nýrri/uppfærðri heimasíðu jarðvangsins,
 - ráðningu Ragnildar Sveinbjarnardóttur 1. desember sl., en hún er jafnframt starfsmaður Markaðsstofu Suðurlands, - hún mun m.a. vinna að undirbúningi jarðvangsvikunnar 22. -28. apríl nk., en m.a. er gert ráð fyrir að málefnum sr. Jóns Steingrímssonar verði gerð skil, þremur þrautaviðburðum (göngu á Eyjafjallajökul, sandhlaupi umhverfis Hjörleifshöfða og hjólaferð í Skaftárhreppi) auk ýmissa annarra viðburða,
 - ráðningu Rannveigar Ólafsdóttur 1. febrúar nk. og Jónu Bjarkar Jónsdóttur 1. júní nk. sem sérfræðingum í gerð fræðsluefnis,
 - undirbúningi að námskeiði um smáframleiðslu matvæla, haldið á Hvolsvelli, í Vík og á Klaustri – með stuðningi af fjarfundarbúnaði,
 - skiltamálum, m.a. hugmynd að færa skiltið við Djúpadal inn á sveitarfélagmörk á hálendinu og gera stærra skilti við Djúpadal, hugsanlega í samvinnu við sveitarfélagið,
 - verkáætlun vegna þriggja næstu mánaða.
- Umræða um upplýsingamiðlun og fleira af því taginu. Samþykkt að varastjórnarmenn sækja a.m.k. suma stjórnarfundi og þess verði gætt að fundargerðir verði aðgengilegar.
- Formaður minnti á nauðsyn þess að virkja samráðshóp Vatnajökulspjóðgarðs og jarðvangsins, m.a. vegna skiltamála.
- Sigurður gerði grein fyrir fjármálum jarðvangsins 2012. Háskólafélagið sá alfarið um fjármál og rekstur jarðvangsins 2012. Bókfærður kostnaður 2012 er um 8 mkr en tekjur rúmlega 5 mkr. IPA verkefnið er ekki inni í þessum tölum.
- Stefnt er að næsta stjórnarfundi þriðjudaginn 12. mars kl. 11-15 í Skógum þar sem meginverkefnið verður að fjalla um fjármál og framtíðarskipan jarðvangsins.
- Samþykkt að Steingerður Hreinsdóttir verði með prókúru fyrir jarðvanginn.
- Fundi slitið kl. 15:20.